



Samfélagsleg ábyrgð  
í sjávarútvegi  
2.-3. NÓVEMBER Í HÖRPU

# Hvað er að vera Íslendingur?

Hvernig hafa hugmyndir okkar um þjóðerni áhrif á þau sem „passa ekki í boxið?“

Miriam Petra Ómarsdóttir Awad, inngildingarfulltrúi landskrifstofu Erasmus+ og sérfræðingur hjá Rannís



HAMPIÐJAN



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
REYKJAVÍK UNIVERSITY

ICELANDAIR  
CARGO

ISI ICELAND  
SEAFOOD



marel

Pipar\TBWA



SJÁVARÚTVEGS  
RÁÐSTEFNAN  
2023

# Íslendingar

- Mótun sjálfsmyndar mikilvæg í lífi hvers og eins
  - Þjóðerni og tilfinningin að tilheyra skiptir flest fólki máli
  - Þjóð: huglægt, félagsleg tengsl, söguleg atvik og sameiginlegar hugmyndir
- Gamalgrónar hugmyndir sem mótask á tímum sjálfstæðisbaráttu og þjóðernisrómantíkur og verða hluti af þjóðarsjálfsmynd
  - Byggja á hugmyndum um glæsta fortíð
  - Hafa áhrif á hvernig við fjöllum okkur sjálf inn á við og út á við
  - Viðhaldið af dægurmenningu, auglýsingum, hugtakanotkun
- Hugmyndir um hreina tungu og hreina náttúru endurspeglast ómeðvitað í hugmyndum um fólkið sjálft



# ... en hvað er að vera Íslendingur?

- Fæðast á Íslandi?
- Eiga foreldra frá Íslandi?
- Finnast Ísland vera heima?
- Skilgreina sig sem Íslending?
- Fara í ísbíltúr um hávetur?
- Tala endalaust um veðrið?
- „Þetta reddast?“
- Vera í björgunarsveit?
- Þræta um hvort það sé „pýlsa“ eða „pulsa“?

## ísbíltúr

{ease-beel-tur} • Icelandic

---

the specific art of driving around and eating ice cream; a true Icelandic pastime; literally, “ice cream road trip.”

## Hugmyndir okkar um þjóðerni

- Þrátt fyrir ólíkar og jafnvel óhaldbærar skýringar á hver er Íslendingur birtast hugmyndirnar oft ómeðvitað
  - Við tölum ensku við fólk sem er dekkra yfirlitum
    - Hvort sem það talar íslensku sem móðurmál eða ekki
      - Og trúum þeim oft ekki um þeirra eigin skilgreiningar á þjóðerni sínu
  - Við ákveðum tengsl við Ísland út frá nöfnum
  - Við gerum ráð fyrir að eiga lítið sameiginlegt og kynnumst síður fólki persónulega sem er með erlendan eða ólíkan menningarlegan bakgrunn

# Fordómar sem tengjast kynþætti eða uppruna


Oft ekki teknir alvarlega – ekki talið eins mikið vandamál og það er

Fólk verður sjaldan vitni af fordómum

- Getur verið erfitt að henda reiður á þá
- Birtast oft sem öraréiti

Fordómar eru oft byggðir á því hvernig við sjáum fólk – sem íslenskt eða **ekki** íslenskt.





## Dæmi úr rannsókn

- Viðtalsrannsókn við íslenskar konur með ættir að rekja til Mið-Austurlanda\*
  - Konurnar skilgreindu sig allar sem Íslendinga
    - Annað hvort eitt íslenskt foreldri og annað erlent
    - eða bæði foreldri voru innflytjendur en þær fæddust hér og ólust hér upp
  - Töluðu allar **íslensku sem móðurmál eða fyrsta mál**
  - Nöfn þeirra voru ýmist erlend eða blönduð, þ.e. bæði íslensk og erlend

\*Mið-Austurlönd í þeim skilningi sem samfélagið setur í hugtakið. Landsvæði allt frá Marokkó til Pakistan.



SJÁVARÚTVEGS  
RÁÐSTEFNAN  
2023

## Hvernig fordóma upplifðu viðmælendur?

- **Kynþáttafordómar:**

- Athugasemdir varðandi kynþátt þeirra eða önnur líkamleg einkenni
- Öðrun, mismunun, útilokun og blætisvæðing vegna kynþátta

- **Menningarfordómar**

- Í þessu tilfelli: Neikvæðar staðalímyndir um múslima settar fram gegn þeim eða fjölskyldum þeirra (óháð þeirra eigin trú)
  - Oft líkt og til að athuga hvort þær gætu staðfest staðalímyndirnar (neikvæð forvitni)
- Menningareinkenni oft álitin arfgeng og mörkin milli kynþátta- og menningarfordóma oft óljós

# Niðurstöður rannsóknar um áhrif fordóma á sjálfsmyndir

- Í stuttu máli

- Þær sem voru dekkri yfirlitum upplifðu oft fordóma eða örارةiti strax við fyrstu kynni við fólk
  - Bæði kynþátta- og menningarfordómar (ákveðið útlit þá tengt ákveðnum menningarheimum)
  - Nöfn kölluðu líka fram fordóma
- Þær sem voru ljósari yfirlitum „komust upp með það“ að vera álitnar íslenskar þangað til annað kom í ljós – upplifðu síður fordóma eða örارةiti **strax** við fyrstu kynni / eða í samskiptum við ókunnuga
  - Upplifðu einnig að fólk trúði þeim ekki að „hinn menningarheimurinn“ skipti þær máli
  - Nöfn þeirra gátu gefið erlendan uppruna í ljós
    - Fordómar eða örارةiti fylgdi þá oft í kjölfarið þegar það kom í ljós





- Íslenskukunnátta þeirra virtist í raun ekki skipta máli: þær upplifðu samt fordóma
  - Mýta að það sé „nóg fyrir fólk að læra bara íslensku“
  - Samfélagið þarf líka að opna augu sín gagnvart útilokandi viðhorfum
- Auðvelt að ímynda sér erfiðleika þeirra sem **ekki tala íslensku** ef fólk sem talar hana reiprennandi upplifir **samt fordóma** bara fyrir erlendan bakgrunn eða húðlit

# Afleiðingar

- Tekið fram fyrir hendurnar á fólki sem passar ekki inn í boxið
  - Þeirra eigið sjálfskilgreiningarvald tekið af þeim
- Virkar kannski ekki alvarlegt – í raun síendurtekið áreiti
  - Hefur áhrif á andlega og líkamlega líðan
  - Mótar sjálfsmynd
    - Andúð á eigin uppruna
    - Skert tækifæri
    - Uppreisn gegn samfélaginu

# Birtingarmyndir á vinnumarkaðnum

- Ráðningarferli þar sem gert er ráð fyrir...
  - Reynsluleysi
  - Tungumálakunnáttu (skort á henni)
  - Lægra gildi menntunar
  - Samskiptaörðugleikum
- Á vinnustaðnum
  - Mætir fólk á viðburði (t.d. á vegum starfsmannafélags)?
    - Komast skilaboðin áleiðis
    - Líður því öruggu (mætir það á viðburði en er svo eitt og afskipt, útundan án þess að neinn gefi því gaum)
  - Andrúmsloft á kaffistofum, í mötuneyti eða jafnvel í samskiptum
    - Eru niðrandi brandarar eða orðalag notað? Bæði almennt og/eða fyrir framan þau
    - Að tala illa um einn hóp getur jafnt skapað vanlíðan hjá fólki sem tilheyrir þeim hóp **og öðrum hópum** („hvernig er talað um mig þegar ég er ekki á staðnum?“)
  - Skiptir þekking þeirra máli – eða eru þau aldrei spurð ráða?
  - Fá þau viðeigandi þjálfun?

- Með því að endurskoða hvernig við skilgreinum fólk sem Íslendinga og hvaða viðhorf fylgja þeim ómeðvituðu skilgreiningum getum við stuðlað að
  - Betri inngildingu starfsfólks á vinnustöðum
  - Betri skilning á menningarmun fólks sem býr á Íslandi
  - Betra samlífi ólíkra menningarhópa





# Hvenær er maður þá orðinn Íslendingur?

- Er íslenskan lykillinn að samfélaginu?
  - Samt virðist ekki vera nóg að tala reiprennandi íslensku
- Þarf að heita íslensku nafni?
- Þarf að líta út á einhvern hátt?
  - Þótt enginn segi það beint uppátt
  - Skilaboð úr samfélaginu segja það óbeint



„Þetta er bara svo þreytt, og hvenær er maður eiginlega orðinn Íslendingur, þú veist, [...] hvenær er ég búin að tékka í öll boxin hjá þér að þú ert tilbúin til þess að kalla mig Íslending, þú veist [...] bara um leið og ég tilbúin til þess að skilgreina sjálfa mig sem Íslending.“